

Minnisblað

Til: Bæjarstjórn
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Dags. 21. desember 2023
Mnr. 2022010144



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - breytingar á 10. gr. samþykktar Ísafjarðarbæjar um gatnagerðargjald, stofngjald vatnsveitu og stofngjald fráveitu, og breytingar á reglum 3.4. um úthlutun lóða hjá Ísafjarðarbæ

Lagt er til við bæjarstjórn að samþykkja breytingar á reglu 3.4. í reglum um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar-, sumarhúsa- og atvinnuhúsnæði þannig að nýtt ákvæði verði eftirfarandi:

3.4.

Byggingarfrestur á lóð eða byggingarsvæði er 12 mánuðir frá úthlutun og skal þá miðað við þá dagsetningu þegar lóðarúthlutun er staðfest af bæjarstjórn. Byggingarfrestur er sá tími sem lóðarhafi hefur til að fá byggingarleyfi skv. byggingarreglugerð ásamt því að hefja framkvæmdir á lóðinni. Hafi byggingarleyfi ekki verið veitt eða framkvæmdir ekki hafist á lóðinni að byggingarfresti liðnum er bæjarstjórn heimilt að undangenginni viðvörðun að afturkalla byggingarleyfið og skal kveðið á um svo í úthlutunar- og byggingarskilmálum. Framkvæmdir teljast hafnar hafi sökklar undir byggingu verið steptir eða eftir atvikum búið að ganga endanlega frá undirstöðum byggingarinnar.

Gatnagerðargjald skal lagt á skv. a lið 2. mgr. 3 gr. samþykktar um gatnagerðargjald, stofngjald vatnsveitu og stofngjald holræsa í Ísafjarðarbæ. Greiði lóðarhafi ekki gjaldið í samræmi við 8. gr. sömu samþykktar er bæjarstjórn heimilt að undangenginni viðvörðun að afturkalla lóðarúthlutun, og 10. gr. samþykktar um gatnagerðargjald um afturköllun lóðar.

Sveitarstjórn skal með 30 daga fyrirvara senda lóðarhafa með sannanlegum hætti viðvörðun um hina fyrirhuguðu afturköllun áður en byggingarleyfi og/eða lóðarúthlutun er afturkölluð.

Jafnframt lagt til við bæjarstjórn að samþykkja breytingu á 10. gr. samþykktar Ísafjarðarbæjar um gatnagerðargjald, stofngjald vatnsveitu og stofngjald fráveitu, þannig að nýtt ákvæði verði eftirfarandi:

Afturköllun lóðarúthlutunar vegna vanskila eða dráttar á framkvæmdum.

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma, eða framkvæmdir hafa ekki verið hafnar innan 12 mánaða frá veitingu byggingarleyfis, og er bæjarstjórn þá heimilt að undangenginni viðvörðun að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun og skal kveðið svo á um í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

Sveitarstjórn skal með 30 daga fyrirvara senda lóðarhafa með sannanlegum hætti viðvörðun um hina fyrirhuguðu afturköllun áður en byggingarleyfi og/eða lóðarúthlutun er afturkölluð.

Breytingarnar eru gerðar vegna ábendinga um að bæta þurfi nákvæmni í orðalagi varðandi afturköllun og innköllun lóðarúthlutana vegna vanskila eða dráttar á framkvæmdum. Skýrt þarf að vera að frestur bæjarstjórnar sé 30 dagar til handa lóðarhafa.

